

er tekið. Fullt samráð skal hafa við hérlenda innlánsstofnun um breytingar á áhvílandi lánum, áður en erlenda lánið er tekið.

5. Útflutningslán má aldrei vera hærri fjárhæð en sem nemur því útflutningsandvirði, sem lántakandi á útstandandi erlendis að viðbættu andvirði birgða af fullnumm útflutningsafurðum eða upphæð fjárparfar, sem orsakast af framleiðslu útflutningsafurða.
6. Þeir sem ætla að taka lán skv. þessum reglum skulu fyrirfram tilkynna það lánadeild Seðlabankans svo og þeirri innlánsstofnun sem hlutaðeigandi hefur verið í viðskiptum við með afurða- og rekstrarlán vegna útflutnings.
7. Andvirði útflutningslána skal flutt heim í gegnum hérlenda innlánsstofnun og skýringar gefnar fyrir hvaða útflutningssendingu eða útflutningsbirgðir lánið er tekið. Skýringar þessar skulu berast hlutaðeigandi innlánsstofnun svo og Seðlabanka Íslands. Útflutningslán ber að greiða, þegar skil berast á andvirði hlutaðeigandi afurða. Samhliða skal senda lánadeild Seðlabankans skilgrein um uppgjörið.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu nr. 420/1985.

1. gr.

5. tl. IV. kafla orðist svo:

5. Farsímaþjónusta.

Í farsímaþjónustunni eru afgreidd sjálfvirk og handvirk símtöl til og frá bílastöðvum og handstöðvum.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjöld.

- 5.1. Stofngjald er kr. 3500,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun bílasímanúmers.
- 5.2. Afnotagjald er kr. 530,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldareikningi.
- 5.3. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu er mínútagjald. Gjaldið er kr. 6,00 fyrir hverja mínútu innanlands. Fyrir brot úr mínútu greiðist gjald sem er hlutfallslegt við gjald fyrir heila mínútu.
- 5.4. Viðskiptagjöld fyrir handvirka afgreiðslu eru afgreiðslugjald og mínútagjald. Afgreiðslugjald er kr. 3,90 fyrir hvert símtal og mínútagjald er kr. 7,80 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 9. gr. laga um fjarskipti nr. 73/1984 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.